

**EYÞING**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM*Alþingi**Erindi nr. Þ 139/700
komudagur 6.12.2010*

Akureyri 3. desember 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um málefni fatlaðra (flutningur málaflokksins til sveitarfélaga), 256. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings fagnar því að náðst hefur samkomulag um yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna f.o.m. næstu áramótum. Til þess að það gangi eftir er nauðsynlegt að frumvarpið verði samþykkt. Stjórnin vísar til ítarlegrar umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 2. desember. Í henni eru einstakir þættir frumvarpsins og samkomulagsins skýrðir nánar og gerð grein fyrir nokkrum óvissuþáttum. Stjórn Eyþings leggur áherslu á mikilvægi þess að frumvarpið fái skjóta afgreiðslu.

f.h. stjórnar Eyþings

Pjetur Þór Jónsson
framkvæmdastjóri